



Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Sent með tölvupósti

Skagafirði 25. nóvember 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar, 42. mál.

Frumvarpið barst Landssambandi kúabænda (LK) til umsagnar í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dagsett 11. nóvember 2020.

Landssamband kúabænda fagnar tillögunni og þeim aðgerðum sem þar er lagt til að ráðist verði í. Fjölmargar þeirra ríma vel við ályktanir aðalfunda LK undanfarin ár sem og stefnumótun samtakanna fyrir tímabilið 2018-2028¹.

Erfið staða vegna covid-19

Líkt og fram kemur í greinargerð tillögunnar er mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu flestum ljós og enn frekar eftir að kórónuveirufaraldurinn skall á þjóðinni. Því miður hefur staða landbúnaðarins versnað mjög í faraldrinum og getur það haft alvarleg áhrif á framboð íslenskra landbúnaðarvara í komandi framtíð. Þar má nefna verðfall fyrir nautgripi frá sláturleyfishöfum sem og langa biðlista sem hafa myndast undanfarið sökum minnkandi markaðar en aukinna tollkvóta á lægri verðum en áður. Þetta hefur haft í för með sér að fjárhagslegur hvati til nautakjötsframleiðslu er að engu orðinn sem hefur áhrif á ákvarðanir bænda um ásetning og sæðingar. Það birtist svo í framboði eftir 2-3 ár þar sem framleiðsluferillinn er langur (gengið með í 9 mánuði og meðalsláturaldur um 25 mánuðir). Ljóst er að bregðast þarf hratt við ef ekki á að glatast sá góði árangur sem náðst hefur í greininni undanfarin ár en flokkun gripa hefur tekið stökk uppá við í gæðum og nýtt erfðaeefni af holdanautakyni er nú rétt komið í hjarðir bænda um land allt sem gefur vonir til mikilla framfara í greininni verði henni búið sanngjarnt og gott starfsumhverfi.

Tollasamningur við Evrópusambandið

Í aðgerð 7 er lagt til að tollasamningi landbúnaðarráðherra frá 17. september 2015 við Evrópusambandið verði sagt upp nú þegar eða óskað endurskoðunar á honum, m.a. með tilliti til útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Undir þetta tekur LK heilshugar en samtökin hafa á aðalfundum sínum frá árinu 2018 lagt áherslu á að samningurinn sé endurskoðaður og nú síðast að honum yrði sagt upp. Með útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og fækkun ferðamanna undanfarin ár er ljóst að forsendur samningsins eru með öllu brostnar. Bretland hefur verið helsti markaður Íslands fyrir útflutning landbúnaðarvara á meðan innflutningur kemur hins vegar að mestu frá öðrum ESB löndum.

¹ https://naut.is/wp-content/uploads/2016/09/Mj%C3%B3lk_stefnum%C3%B3tun_LOKA.pdf og https://naut.is/wp-content/uploads/2016/09/Kj%C3%B6t_stefnumotun_LOKA.pdf



Samkvæmt samningnum jukust tollkvótar á nautakjöti úr 100 tonnum í 696 tonn frá og með næstu áramótum og tollkvótar fyrir ost fara úr 100 tonnum í 610 tonn. Frá ársbyrjun 2018, áður en samningurinn tók gildi, hefur verið til nautakjötsframleiðenda (VATN) lækkað um 11,4% en vísitala nautakjöts hækkað um 6,5%. Á sama tíma hefur verið á tollkvótum lækkað um 75% og heildarkostnaðarverð á innfluttu kjöti innan tollkvóta lækkað. Lækkun kostnaðarverðs innflutningsaðila hefur því ekki skilað sér til neytenda heldur einungis haft lækkandi áhrif á verð til bænda. Sala á íslenskum ostum hefur dregist saman um 2,6% á undanförunum 12 mánuðum og bil á milli sölu á próteingrunni og fitugrunni eykst sífellt og stendur nú í 22,6 milljónum lítra. Innfluttur ostur sem hlutfall af sölu innlendra osta hefur aukist ár frá ári og var 9,7% samanborið við 2,7% árið 2010.

Upprunamerkingar

Í aðgerð 23 er lagt til að sett verði skýr lög um upprunamerkingar matvöru í þágu neytenda þar sem fram komi m.a. uppeldisland sláturdýra og framleiðsluland matvæla, innihaldslýsingar verði skýrari, þ.m.t. um notkun lyfja við framleiðsluna og um framleiðsluferli, þ.e. hversu oft varan hafi verið fryst og afþídd við vinnslu hennar og hver sláturdagur hafi verið. LK hefur ásamt fleirum lagt mikla áherslu á að koma þessum málum í lag. Þá má sérstaklega skoða það að gera skylt að uppruna matvæla sé getið í mötuneytum og á veitingahúsum en neytendur eru almennt duglegir að velja íslenskt í verslunum.

Finnar festu það í lög árið 2019 að allir sem seldu kjöt í landinu þurftu að upplýsa kaupendur um uppruna þess. Allir veitingastaðir þurftu frá maí 2019 að prenta út með skýrum hætti hvaðan kjötið og fiskurinn sem þeir nota kemur. Tekið er sérstaklega fram í reglunum að merkingarnar eiga að vera svo skýrar og skilmerkilegar að fólk eigi ekki að þurfa að spyrja um uppruna matsins. Gilda merkingareglurnar um allt ferskt, kælt eða fryst kjöt og fisk, en þó ekki um rétti sem innihalda lítið magn af kjöti eða fiski. Það væri mikill ávinningur af að gera slíkt hið sama hér á landi.

Landssamband kúabænda tekur undir það sem fram kemur í tillögunni og hvetur til þess að hún verði samþykkt. Samtökin eru boðin og búin til að koma til fundar með nefndinni eða stjórnvöldum á seinni stigum til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda